

Umhverfis- og loftslagsstefna Úrvinnslusjóðs

Framtíðarsýn

Úrvinnslusjóður ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar. Stofnunin leggur sitt af mörkum við innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi.

Úrvinnslusjóður fylgir grænum skrefum í ríkisrekstri og tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi Úrvinnslusjóðs vegna umhverfismála sé fylgt.

Yfirmarkmið

Úrvinnslusjóður ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á stöðugildi um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2018. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi og öll losun kolefnisjöfnuð frá árinu 2020.

Gildissvið

Umhverfis- og loftslagsstefnan á við um alla starfsemi Úrvinnslusjóðs og er rýnd árlega af stjórn, umhverfis- og loftslagsmarkmið sett, árangur mældur og upplýsingum um árangur er miðlað á heimasíðu Úrvinnslusjóð og í starfsskýrslu ár hvert.

Umfang

Stefnan nær til samgangna á vegum Úrvinnslusjóðs, orkunotkunar og úrgangsmýndunar. Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

Samgöngur

- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna innanlands
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna erlendis
- Losun GHL vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Fjöldi samgöngusaminga sem stofnunin gerir við starfsmenn

Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun í húsnæði Úrvinnslusjóðs, eftir því sem hægt er
- Heitavatnsnotkun í húsnæði Úrvinnslusjóðs, eftir því sem hægt er

Úrgangur

- Losun GHL vegna lífræns úrgangs sem fellur til
- Losun GHL vegna blandaðs úrgangs sem fellur til
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til
- Endurvinnsluhlutfall

Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

- Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar

- Eflum fjarfundamenningu ásamt því að viðhalda þeirri fjarfundamenningu sem skapaðist á árinu 2020
- Fara vel með auðlindir svo sem raforku, notkun á heitu vatni og pappír
- Draga úr myndun úrgangs og hámarka endurvinnslu
- Fræðum starfsfólk um umhverfis- og loftslagsmál
- Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu
- Umhverfissjónarmið viðhöfð í innkaupum
- Fylgjum Grænum skrefum
- Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti
- Kynnum okkur tæknilegar lausnir sem auðvelda umhverfisstarf

Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkti umhverfis- og loftslagsstefnu Úrvinnslusjóðs 18. nóvember 2021. Umhverfis- og loftslagsstefnan tekur á samdrætti í kolefnislosun og umhverfisáhrifum frá innra starfi Úrvinnslusjóðs.